



Fundargerð bíoráðs Bæjarbíó, fundur nr. 2, föstudaginn 19. september 2014, kl. 11:00 að Strandgötu 4.

Mætt voru: Björn Pétursson, Svanlaugur Sveinsson og Kristinn Sæmundsson.

Fundargerð ritaði: BP

Dagskrá:

1. **Dagskrá vetrarins** – KS lagði fram drög að dagskrá sem verða mun í Bæjarbíó út árið. Komin er beinagrind að mjög metnaðarfullri dagskrá fram að jólum. Dagskráin byggist aðallega á tónlist en þó verður unnið að fleiru, svo sem uppistandi og kvikmyndasýningum. Reksturinn hefur gengið ágætlega hingað til og er nokkurn veginn í því horfi sem stefnt var að.
2. **Kvikmyndasýningar** – BP lagði fram fyrirspurn varðandi kvikmyndasýningar í Bæjarbíó og velti upp spurningum um höfunda- og sýningarétt. Lagði hann þunga áherslu á að ávalt yrði öllum lögum og reglum um þessi mál framfylgt í bíóinu. KS skírði frá því að um mistök hafi verið að ræða varðandi þessi mál á síðustu kvikmyndasýningu í bíóinu en að verið sé að vinna að nýrri nálgun og samningagerð um kvikmyndasýningar í húsinu.
3. **Lógó Kvikmyndasafns Íslands** – BP lagði fram spurningu vegna notkunar MLH á lógói sem Kvikmyndasafn Íslands lét teikna fyrir Bæjarbíó fyrir nokkrum árum. Félagið hefur greitt hönnuði þess fyrir notkunarrétt á merkinu en samþykkt var að það muni eftirleiðis ekki nota merkið án samráðs við Kvikmyndasafnið.
4. **Vínveitingaleyfi** – BP spurði út í vínveitingar á atburðum í bíóinu þar sem vínveitingaleyfi það sem út var gefið í vor var einungis tímabundið. KS skírði frá því að félagið væri að vinna í að sækja um varanlegt vínveitingaleyfi fyrir húsið.
5. **Önnur mál** –
 - a). **Hávaði í Loftræstibúnaði** – SS hefur skoðað málið og telur að ekki verði hægt að fara í viðgerðir á því á yfirstandandi ári en ef til vill á því næsta.
 - b). **Sælgætisskenkurinn** – KS sagði frá því að hann hafi frétti af skenk úr Gamla bíói í Reykjavík. Haft hafði verið samband við Kvikmyndasafnið en það kom upplýsingunum ekki áfram til MLH sem KS fannst til skammar. Umræddur skenkur verður skoðaður.
 - c). **Fundir og fundagerðir** – Fundargerð síðasta fundar var samþykkt samhljóða. Sömmuleiðis var samþykkt að framvegis verða fundagerðir samþykktar með tölvupóstum. Næsti fundur ráðsins verður haldinn í lok nóvember nema KS kalli eftir fundi fyrr.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:00